

GAMMA: CREDIT Fund

GAMMA: CREDIT Fund er góður valkostur fyrir fjárfesta sem vilja fjárfesta í dreifðu safni skuldabréfa á íslenskum markaði. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður, skv. lögum 128/2011 um verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði og fjárfestir í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenskum fyrirtækjum, sveitarfélögum, fjármálafyrirtækjum eða opinberum aðilum. Sjóðurinn er rafrænt skráður og opinn öllum fjárfestum.

Fjárfesting í sjóðnum er hugsuð til millilangs og langs tíma. Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka að raunvirði verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði með og án ríkisábyrgðar. Helstu fjárfestingarákvarðanir sjóðsins eru ákvarðaðar af skuldabréfateymi GAMMA. Viðtæk sérfræðikunnátta sjóðsstjóra GAMMA á íslenskum og erlendum fjármálamörkuðum á sviði skuldabréfa, annarra vaxtaafurða, fyrirtækjagreininga og þjóðhagfræði er nýtt til að vinna að sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Mikið er lagt upp úr greiningarvinnu á skuldaraáhættu og farið er í ítarlega skjalagerð og greiningu á skilmálum í samvinnu við lögfræðinga og útgefendur.

Að meginhluta er fjárfest í skráðum skuldabréfum án ríkisábyrgðar en auk þess hefur sjóðurinn m.a. heimild til að fjárfesta í skuldabréfum með ríkisábyrgð, óskráðum skuldabréfum og víxlum (hámark 25%), innlánnum fjármálafyrirtækja (hámark 50%) og nýta sér afleiður til áhættustýringar.


Umsýsluþóknun sjóðsins er 1,00%. Allar nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingarstefnu má nálgast í útboðslýsingu og reglum á heimasíðu GAMMA (www.gamma.is).

Samsetning og vaxtakjör

Sjóðurinn byggir á grunni af skráðum skuldabréfum fyrirtækja og stofnana ásamt því að nýta sér tækifæri í óskráðum skuldabréfum með skemmri líftíma. Í apríl 2015 eru um 15% eigna sjóðsins í óskráðum skuldabréfum og mega að hámarki vera 25%.

Skuldabréf fyrirtækja nema um 42% af sjóðnum; þar af eru um 12% útgefin af veitufyrirtækjum, 18% af fasteignafélögum með veði í atvinnuhúsnæði og 12% af öðrum fyrirtækjum (m.v. 20.4.15).

Eignasamsetning GAMMA: CREDIT



Meðalávöxtunakrafa eigna sjóðsins er um 4,4% að raunvirði, miðað við 2,5% ársverðbólgu. Verðtryggingarhlutfall er 71% og líftími 5,6 ár. Síðastliðið ár hefur sjóðurinn skilað 5,1% ávöxtun sem er 3,4% raunávöxtun og frá stofnun sjóðsins þann 25. mars 2013 hefur hann hækkað um 9,5% þ.e. 4,6% ávöxtun á ári sem er 2,7% árleg raunávöxtun. Ávöxtunartölur eru að frádreginni þóknun.

GAMMA: CREDIT Fund er stærsti fyrirtækjaskuldabréfasjóður landsins

Meðalávöxtunarkrafa eigna er um 4,4% að raunvirði (m.v. 2,5% verðbólgu)

Óskráðar eignir

Sjóðurinn sér gott tækifæri í fjárfestingum í vel dreifðu safni í óskráðum skuldabréfum fyrirtækja. Heimild er til að fjárfesta fjórðung af sjóðnum í óskráðu með þeim takmörkunum að ekki má eiga meira en fjórðung af einstaka útgáfu og aldrei meira en sem nemur 10% af skuldaskjölum útgefandans. Nú hefur verið fjárfest í 15 útgáfum sem nemur um 9% af stærð sjóðsins og eru meðalvextir um 12%. Stefnt er að útgáfum með stuttan lánstíma 6-24 mánuði, góðum tryggingum og mikilli eftirfylgni um rekstur og efnahag fyrirtækjanna.

Helstu eignir

Stærstu eignir sjóðsins eru í skuldabréfum stærri útgefenda svo sem innviðafyrirtækja, fasteignafélaga, fyrirtækja með ríkisábyrgð og viðskiptabankanna. Útgáfur viðskiptabankanna eru flestar sértryggðar og útgáfur fasteignafélaga eru með veði í atvinnuhúsnæði.

Eigendur hlutdeildarskírteina

Eigendur hlutdeildarskírteina eru dreifðir og nánast jafnt hlutfall tryggingafélaga, lífeyrissjóða og eignastýringa.

Eigandi	Hlutfall
Tryggingafélög	29%
Lífeyrissjóðir	24%
Eignastýringar	26%
Einstaklingar	10%
Aðrir	10%
	100%

Um sjóðsstjóra

Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur (M.Sc), er framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA. Valdimar starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgutengdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðar hjá RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Áður var hann í afleiðuviðskiptum hjá Búnaðarbanka Íslands. Hann hóf störf hjá GAMMA snemma árs 2009 sem sjóðsstjóri.



Valdimar Ármann

Valdimar er einnig aðjúnkt í meistaranámi í fjármálahagfræði við Háskóla Íslands og kennir m.a. námskeiðið Skuldabréf fyrir meistaranema í hagfræði.

Um CREDIT teymi GAMMA

Auk Valdimars eru eftirfarandi í CREDIT teymi GAMMA:

Gísli Hauksson er forstjóri GAMMA. Gísli er með 15 ára reynslu af störfum á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Gísli starfaði áður sem Director Fixed Income Sales (skuldabréfaviðskipti og afleiður) hjá Kaupþingi á Íslandi frá 2006 til febrúar 2008, frá 2004-2006 var hann Director Fixed Income and FX hjá Kaupþingi í London og þar áður í skuldastýringu Kaupþings (Búnaðarbanka Íslands áður). Gísli lauk prófi í verðbréfaviðskiptum hér á landi árið 2001 og í London árið 2004.

Ragnar Jónasson, hdl. og sérfræðingur í skuldaskjölum og skilmálagarð, leiðir fjárfestingarráð í skuldaraáhættu. Ragnar var forstöðu-maður lögfræðiráðgjafar Arion banka (Nýja Kaupþings banka) 2008-2009 og frá árinu 2009-2015 gengdi hann stöðu forstöðu-manns skrifstofu slitastjórnar Kaupþings. Þar áður starfaði hann hjá Kaupþingi sem lögfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf og á lögfræðisviði 2001-2005 og sem forstöðu-maður lögfræðiráðgjafar 2005-2008. Ragnar er jafnframt stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Lýður Þór Þorgeirsson er framkvæmdastjóri sérhæfðra fjárfestinga GAMMA. Lýður hefur starfað við ýmis svið bankareksturs síðustu 15 árin. Hann vann hjá skilanevnd Kaupþings sem lánastjóri erlendra lána og við ýmis sérverkefni en starfaði þar áður við fyrirtækjaráðgjöf hjá Kaupþingi og Nýja Kaupþingi. Hann hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum og er rekstrarhagfræðingur með MBA frá MIT Sloan.

Sverrir Bergsteinsson, starfsmaður sérhæfðra fjárfestinga. Sverrir lauk B.Sc námi í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað á fjármálamarkaði í 8 ár. Sverrir starfaði áður hjá skilanevnd og slitastjórn Landsbanka Íslands sem

lánastjóri á fyrirtækjasviði og þar á undan hjá fjárfestingafélaginu Straumborg.

Ingvi Hrafn Óskarsson, hdl Lögmönnum Lækjargötu kemur að skjalagerð og lögfræðilegri vinnu varðandi veðsetningar. Ingvi er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Áður en Ingvi hóf störf sem meðeigandi að Lögmönnum Lækjargötu, starfaði hann m.a. sem forstöðumaður lögfræðiráðgjafar hjá Íslandsbanka hf. Ingvi hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum og LL.M. prófi frá Columbia Háskóla í New York og M.Sc. í fjármálum frá London Business School. Ingvi hefur verið aðjúnkt við Viðskipta- og hagfræðideild HÍ og hefur sinnt stundakennslu við Lagadeild HÍ, þ.á.m. í veðrétti.

GAMMA er sjálfstætt, óháð rekstrarfélag

Um fjárfestingarsjóði

Fjárfestingarsjóðir eru undir eftirliti hjá Fjármálaeftirlitinu sbr. lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Varðandi flokkun þeirra í lífeyrissjóðalögum þá eru þeir flokkaðir eins og verðbréfasjóðir; má benda á lífeyrissjóðalögin þess efnis.

Fjárfestingarsjóðir og verðbréfasjóðir eru báðir opnir fyrir almennum fjárfestum. Helsti munurinn á þessum tegundum sjóða eru rýmri fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða. GAMMA: CREDIT nýtir sér rýmri fjárfestingarheimildir einungis að hluta. Hér má sjá dæmi um takmarkanir:

Afleiður: Afleiðunotkun CREDIT er einskorðuð við áhættustýringu og ekki er heimilt til að nýta afleiður sem hluta af fjárfestingarstefnu.

Óskráð verðbréf: Samkvæmt lögum er fjárfestingar-sjóðum heimilt að fjárfesta án takmarkana í óskráðum verðbréfum og peninga-markaðsgerningum en fjárfesting í verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins. CREDIT sjóðurinn takmarkar hins vegar fjárfestingarheimildir í óskráðum skuldabréfum og víxlum við 25% af heildareignum sjóðsins.

Innlán: Verðbréfasjóðir mega binda allt að 20% af eignum sínum í innlánum sama

fjármálafyrirtækis en hjá fjárfestingarsjóðum er þetta hlutfall 30%. CREDIT sjóðurinn hefur heimild til að nýta sér þetta hærra hlutfall en heildarheimild í innlánnum er takmörkuð við 50% af eignum sjóðsins.

GAMMA – óháð fjármálafyrirtæki

„GAMMA er sjálfstætt og óháð fjármálafyrirtæki sem leggur áherslu á óhæði, skýra stefnu, fagleg vinnubrögð og samstarf við viðskiptavin“

GAMMA stýrir um 43 milljörðum í 22 sjóðum. GAMMA var stofnað í júní 2008, félagið er með yfir 600 mkr í eigið fé. Starfsmenn þess eru 17 talsins. GAMMA kynnti íslenska fjárfesta fyrir skuldabréfavisitölu sem er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Vísitalan hefur það hlutverk að tryggja gagnsæi og skilvirkni á skuldabréfamarkaði. Auk þess að reka sjóði hefur GAMMA tekið að sér ráðgjöf fyrir stjórnvöld og mörg stærstu fyrirtæki landsins. Sambland af rekstri sjóða og ráðgjafar hefur reynst GAMMA vel þar sem góð þekking á íslensku efnahagslífi hefur bætt ákvörðunartöku í fjárfestingum auk þess að opna dyr að nýjum fjárfestingum.

Fyrirvari

Um fjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna um fjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari um fjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Um fjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAMMA: CREDIT Fund er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAM Management. GAM Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAM Management. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almennit fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflökts gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbindingu um framtíðarávöxtun.

Nánari upplýsingar:

- Stærð sjóðs 4,6 ma
- Umsýsluþóknun 1,0%
- Gengismunur 1,5%
- Gengisuppreikningur daglega
- Viðskiptadagar miðast við kl. 14:00
- Uppgjörsdagur kaupna í sjóðnum er t+2
- Uppgjörsdagur innlausna í sjóðnum er t+10
- Rafrænt skráður hjá Verðbréfaskráningu